

Kópavogi, 16. nóvember 2023
23101080/505.06 BR

Umsögn umhverfissviðs: Aðgerðir til að bregðast við illa lögðum hlaupahjólum

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar 17. október 2023 var rætt um leiðir til að bregðast við rafhlaupahjólum sem notendur þeirra hafa lagt á óábyrgan hátt svo slysaþætta gæti hlotist af.

Frá því að rafhlaupahjólaleigur fóru að ryðja sér til rúms á árunum 2020 og 2021 og notkun þeirra hefur aukist jafnt og þétt, hefur borið á því í síðuknum mæli að notendur þeirra skilji hjólin eftir á stöðum svo aðgengi um stíga og gangstéttar hefur verið skert. Dæmi um slíkt er að sjá á myndum hér að neðan sem teknar eru af facebook hópnum *Verst lagða rafskútan* og eru allar úr Kópavogi.



Engin regla er á því hvort hjólum sé stillt upp í stígakanti og fjúka niður eða séu felld niður eða hvort hjólum sé fleygt niður á stíginn þegar notendur þeirra ljúka ferðinni. Jafnframt er engin regla á því hvort hjólin séu skilin eftir við kant eða á miðjum stígum og virðist notendur þeirra skilja við hjólin þar sem þeim hentar hverju sinni.


Í þjónustusamning um stöðvalausa hjólaleigu í Kópavogi er tilgreint að þjónustuaðili skuli bregðast við ábendingum og m.a. flytja hjól sem hindra almenna umferð eða valdi óþægindum innan 24 tíma frá ábendingum umhverfissviðs eða þjónustumiðstöðvar Kópavogs. Ef ekki er brugðist við ábendingum áskilur Kópavogsbær sér rétt til að flytja eða fjarlægja hjól af landi Kópavogs. Allur kostnaður skal greiddur af þjónustuaðila. Í gjaldskrá umhverfissviðs er tilgreindur kostnaðarliður fyrir að fjarlægja hjól og geyma upp á kr. 2.100,- fyrir hvert hjól. Þessi heimild hefur ekki verið nýtt og er lagt til að hún verði virkjuð og farið í markvisst eftirlit og skráningu á hjólum sem er lagt svo hættu skapist af, ábendingum komið á viðeigandi hjólaleigu og svo hjólin fjarlægð 24 tímum seinna ef ekki hefur verið brugðist við ábendingunni.

Í þjónustusamning er að finna ákvæði um að hægt skuli að stýra því hvar hægt sé að skilja við hjól og er lagt til á grundvelli ákvæðisins að þjónustuaðilar skilgreini svæði

sem skilja má hjólin eftir í samráði við sveitarfélagið. Ef notendur skilji hjólin eftir utan slíkra skilgreindra svæða munu þeir greiða viðbótargjald eða ekki getað skráð hjólið úr notkun. Nánara fyrirkomulag slíks fyrirkomulags verður að gerast í samráði við þjónustuaðilana.

Skilasvæði þyrftu að lágmarki að vera við allar biðstöðvar strætó, við menningartorfu, í Hamraborg, við Smáralind, við alla skóla, við báðar sundlaugar, við öll íþróttasvæði og með jöfnu millibili á stofnstígum bæjarins. Skoða þyrfti hvort bann yrði lagt við lagningu hlaupahjólanna í húsagötum nema þá í lengri götum þar sem hægt væri að koma fyrir skilasvæði.

Við stofnstíga bæjarins verður nauðsynlegt þar sem aðstæður leyfa, að útbúa útskot þar sem hægt sé að leggja hjólunum að lokinni notkun. Stærð og fyrirkomulag slíkra útskota verður að ráðast af aðstæðum á hverjum stað. Á einhverja staði s.s. við fjölfarnar biðstöðvar eða skilasvæði sem skilgreinast sem viðkvæm þyrfti að koma fyrir statífum fyrir hjólin sbr. myndin að neðan.



Kostnaður vegna útskota og statífa verður að greiðast af Kópavogsbæ sem veghaldari stíga og gangstétta. Ekki er hægt að krefja þjónustuaðila um að setja upp slík statíf þar sem ekki er leyfilegt að veita einkaaðilum afnotarétt af almenningssvæði.

Virðingarfyllst,



Kópavogsbæ
Umhverfissvið

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar



Kópavogur

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026